

Stjórn Strætó bs.

Mánudaginn 2. nóvember 2015 var haldinn 228. fundur í stjórn Strætó bs. í Pönglabakka 4 og hófst hann kl. 11:00. Mætt voru: Bryndís Haraldsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Einar Birkir Einarsson, Kristín Soffía Jónsdóttir og Sigrún Edda Jónsdóttir. Fjarvarandi: Theódóra S. Þorsteinsdóttir Fundinn sat einnig Jóhannes S Rúnarsson, framkvæmdastjóri, Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs, sem ritaði fundargerð.

Tekið fyrir:

1. Rekstrarúttekt á byggðasamlaginu Strætó
Umræður í framhaldi af vinnufundi stjórnar um rekstrarúttekt og framkvæmdastjóra falið að gera drög að svari til stýrihóps um rekstrarúttekt á byggðasamlögum.
2. Starfsmannamál – trúnaðarmál
Lagt var fram minnisblað framkvæmdastjóra og það samþykkt af stjórn.
3. Árangursmat stjórnar
Stjórnarformaður lagði fram tillögu að árangursmati og að Sigríður Harðardóttir, mannauðsstjóri Strætó, myndi sjá um að framkvæma matið. Stjórn samþykkir framlagða tillögu.
4. Annað
Starfslýsing fyrir sviðsstjóra rekstrarsviðs, lögð fram. Stjórn samþykkir starfslýsinguna.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 12:40

Fylgiskjöl:

- Engin fylgigögn

Bryndís Haraldsdóttir
Gunnar Valur Gíslason
Sigrún Edda Jónsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir
Einar Birkir Einarsson